



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2585
komudagur 21.5.2012

21. maí 2012
Tilvísun: 2012050025/11.1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um nauðungarsölu, lögum um aðför, lögum um meðferð einkamála og lögum um fjármálafyrirtæki (auglýsing nauðungarsölu, mál til heimtu bóta, gjafsókn, vörslusviptingar), 716. mál.

Fjármálaeftirlitið (FME) vísar til tölvupósts allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis sem barst þann 9. maí sl. þar sem eftirlitinu var gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn um ofangreint lagafrumvarp.

Í 9. gr. frumvarpsins er kveðið á um takmörkun á heimild fjármálafyrirtækja og fjármálafyrirtækja í slitameðferð til þess að yfirtaka eignir með vörslusviptingu. FME telur að miðað við núverandi orðalag og framsetningu ákvæðisins sé fyrirséð að margvíslegur ágreiningur kunnir að rísa um túlkun þess og því sé mikilvægt að taka til athugunar hvort skýra megi tiltekna þætti þess.

Meðal þess sem FME telur óskýrt í ákvæðinu er hvað átt sé við með að „krafan [sé] umdeild í ljósi hæstaréttardóma sem gengið hafa um lögmæti og endurreikning gengistryggðra lána“. FME vekur athygli á því að unnt er að gera ágreining um fjölmörg atriði í ljósi hæstaréttardóma sem gengið hafa um lögmæti og endurreikning gengistryggðra lána og að svo opið orðalag sem raun ber vitni kunnir því að takmarka heimildir fjármálafyrirtækja og fjármálafyrirtækja í slitameðferð meira en fyrirhugað er.

Í ákvæðinu er einnig kveðið á um að „dómari tekur afstöðu til þess hvort réttur fjármálafyrirtækis sé svo ótvíræður að heimila megi vörslusviptingu“. FME vekur athygli á því að ekki kemur fram hvornig, á hvaða stigi eða á hvaða grundvelli ágreiningur vegna þessa skuli lagður fyrir dómara. Jafnframt er af ákvæðinu ekki ljóst hvaða viðmið dómari skuli leggja til grundvallar mati sínu.

Af ákvæði 9. gr. frumvarpsins má skilja að í 2. mgr. 22. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.) felist sjálfstæð heimild viðskiptabanka, sparisjóða og lánaþyrirtækja til að framkvæma vörslusviptingu. FME vekur athygli á því að vörslusvipting virðist hins vegar byggja á undirliggjandi samningi en ekki á ákvæði 2. mgr. 22. gr. fftl. Í því sambandi vekur FME einnig athygli á því að óskýrt kann að vera hvaða skilning beri að leggja í hugtakið „vörslusvipting“ í því samhengi sem hér um ræðir. Þannig telur FME mikilvægt að hugtakið verði skýrt nánar, m.a. með því að tekin verði afstaða til þess í lögum hvort eignarhald á andlagi vörslusviptingar hafi áhrif á heimild fyrirtækja til þess að framkvæma vörslusviptingu, þ.e. hvort andlag vörslusviptingar sé skráð eign fjármálafyrirtækis eða skráð eign skuldara.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Ekki verður af greinargerð með frumvarpinu ráðið að athugað hafi verið hvort ákvæðið stríði gegn eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. FME tekur að svo stöddu ekki afstöðu til þess hvort svo sé en vekur athygli á því að ákvæðið takmarkar heimildir aðila til þess að taka í sínar vörslur eigin eignir á grundvelli samningsákvæðis um vörslusviptingu ef lánþegi vanrækir skyldur sínar skv. samningi.

Þrátt fyrir framangreint telur FME að ef vilji þingsins stendur til þess að lögfesta ákvæði er felur í sér takmörkun á heimild fjármálafyrirtækja og fjármálafyrirtækja í slitameðferð til þess að framkvæma vörslusviptingu kunni neðangreind tillaga að endurorðun ákvæðisins að þjóna sama tilgangi:

"Áður en vörslusviptingu samkvæmt samningsákvæði er beitt vegna vanefnda á lánessamningi sem tengdur hefur verið gengi erlendra gjaldmiðla skulu fjármálafyrirtæki og fjármálafyrirtæki í slitameðferð meta sérstaklega hvort líklegt sé að ofgreitt hafi verið af láninu miðað við endurútreikning samkvæmt dómum hæstaréttar sem gengið hafa um lögmæti og endurútreikning gengistryggðra lána. Vörslusviptingu verður ekki beitt ef framangreint mat bendir til að skuldari hafi ofgreitt af láninu."

Tillaga FME, sem sett er fram með það að markmiði að skapa fyllri umræðu um ákvæðið og markmið þess, miðast við að einungis sé óheimilt að beita vörslusviptingu þegar a.m.k. ein af mismunandi aðferðum við endurútreikning eftirstöðva láns benda til þess að skuldari hafi ofgreitt af láni sínu. Í þeim tilvikum sem mismunandi aðferðir við endurútreikning benda til þess að ekki hafi verið ofgreitt af láninu og skuldari hefur vanefnt samningsskyldur sínar verulega telur FME hins vegar að ekki eigi að vera lagt bann við því að beitt sé íþyngjandi vanefndaúrræðum eins og vörslusviptingu.

Þrátt fyrir að 9. gr. frumvarpsins lúti að aðgerðum fjármálafyrirtækja og geri ráð fyrir beitingu stjórnvaldssekta vekur FME athygli á mikilvægi þess að vandlega sé skoðað hvort ákvæðið eigi heima í lögum um fjármálafyrirtæki frekar en öðrum lögum enda felur það einnig í sér tiltekinn rétt til handa skuldara.

Þess skal loks til upplýsinga getið að FME er kunnugt um umsögn Samtaka Fjármálafyrirtækja um frumvarpið, dags. 18. maí sl.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Halldóra E. Ólafsdóttir


Valdimar Gunnar Hjartarson